




HÚNAÞING VESTRA

Efst á baugi
2024



Efst á baugi 2024 janúar

- Vatni hleypt á nýja vatnslögn til Laugarbakka.
- Endurskoðuð stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi samþykkt.
- Ný húsnæðisáætlun samþykkt.
- Formleg opnun mannaðar lögreglustöðvar á Hvammstanga.
- Tímabundinn afsláttur af gatnagerðagjöldum valinna lóða samþykktur.
- Samþykktar reglur um sölu á lausafé í eigu Húnaþings vestra.
- Íbúafundur haldinn á Borðeyri.
- Forstjóri og sviðsstjórar Byggðastofnunar komu í heimsókn og kynntu starfsemi sína fyrir sveitarstjórn.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.



Frá formlegri opnun mannaðrar lögreglustöðvar á Hvammstanga. Sveitarstjóri, Birgir Jónasson lögreglustjóri og Þorleifur Karl oddviti.

HÚNAÞING VESTRA

Efst á baugi 2024
febrúar

- Kvenfélagið lōja færði fōndurstarfi eldri borgara vaxbađ fyrir hendur.
- Tekin upp birting á reikningum frá sveitarfélaginu á island.is.
- Styrkur upp á kr. 10,5 milljónir fékkst til uppsetningar tæknismiđju, Fab-Labs í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Fundur haldinn fyrir landeigendur í Húnaþingi vestra sem fengu á sig kröfu óbyggðanefndar.
- Leiðangursskipið Sjovejen lagðist að bryggju á Hvammstanga og kom nokkrar ferðir með farþega í febrúar og mars.
- Skrifað undir samning um styrkveitingu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna tilraunaverkefnis í þágu farsældar barna.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.

**HÚNAÞING
VESTRA**



Frá undirritun samnings um styrks vegna tilraunaverkefnis. Ásmundur Einar ráðherra og sveitarstjóri.



hunathing.is

Efst á baugi 2024
mars

- Gærurnar færðu Óríon Playstation tölvu.
- Starf tengslafulltrúa auglýst laust til umsóknar.
- Skrifað undir samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um styrk til endurbóta á Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Oddviti, formaður byggðarráðs og sveitarstjóri funduðu með Vegagerðinni og heimsóttu þingmenn á Alþingi.
- Gjaldskrár er vörðuðu barnafjölskyldur lækkaðar og samþykkt að bjóða gjaldfrjálsar skólamáltíðir frá næsta skólaári.
- Samkomulag um aukna uppbyggingu íbúðarhúsnæðis undirritað milli sveitarfélagsins, HMS og innviðaráðuneytis.
- Málstefna samþykkt.
- Ráðhús fékk fyrsta græna skrefið.
- Fjölsóttur fundur um málefni pósthússins í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Leikflokkur Húnaþings vestra fékk viðurkenningu SSNV fyrir framúrskarandi verkefni á sviði menningar.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.

HÚNAÞING VESTRA

Frá undirritun samkomulags um húsnæðisuppbyggingu.



Efst á baugi 2024
apríl

- Kynningarfundur um þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu haldinn í tengslum við verkefnið Gott að eldast.
- Starfshópur um uppbyggingu lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara stofnaður.
- Lið Grunnskólans vann sigur í riðlakeppni Skólahreysti.
- Viljayfirlýsing um uppbyggingu leiguíbúða undirrituð af hálfu sveitarfélagsins og Bríetar leigufélags.
- Krakkasveiflan – nýjung í sumarstarfi fyrir 1.-7. bekk kynnt.
- Slagorðið Lifandi samfélag valið.
- Fjölmennur upplýsingafundur vegna lokunar pósthússins á Hvammstanga haldinn.
- Stóri plokkgaturinn.
- Jóhann Örn Finnsson ráðinn tengslafulltrúi m.a. með það hlutverk að vinna að uppsetningu samfélagsmiðstöðvar í Félagshemilinu Hvammstanga.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.



Frá undirritun viljayfirlýsingar um
uppbyggingu leiguíbúða



**HÚNAÞING
VESTRA**

LIFANDI SAMFÉLAG

Efst á baugi 2024
maí

- Slökkviliðið hélt stóra æfingu á Hvammstanga.
- Nýr einstaklingsbúningsklefi tekinn í notkun í íþróttamiðstöðinni á Hvammstanga.
- Húnaklúbburinn hlaut viðurkenningu fyrir fyrirmyndar Erasmus+ verkefni.
- Starf verkefnisstjóra stjórnarsýslu, atvinnu- og kynningarmála auglýst laust til umsóknar.
- Auglýst eftir umsóknum í atvinnu- og nýsköpunarsjóð.
- Ársreikningur samþykktur.
- Endurnýjun hitaveitulagna, við Veigastíg og Höfðabraut hófst.
- Hópslysæfing haldin í Húnavatnssýslum.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 2 byggðarráðsfundir.



Húnaklúbburinn hlýtur viðurkenningu.

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2024 júní

- Kartöflu- og matjurtagarðar auglýstir til notkunar fyrir íbúa.
- Úthlutun úr atvinnu- og nýsköpunarsjóði, Skógarplöntur, Framhugsun og Selasetur Íslands hlutu styrki.
- Starf sviðsstjóra umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs auglýst laust til umsóknar.
- Auglýst eftir umsóknum í Húnasjóð.
- Framkvæmdir við þak Félagsheimilisins Hvammstanga hófust.
- Hvammstangi International Puppetry festival haldin með fjölda heimspekktra brúðulistamanna.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.

HÚNAÞING VESTRA



hunathing.is

Framkvæmdir við þak Félagsheimilisins.



Efst á baugi 2024
júlí

- Starf Húsvarðar við Félagsheimilið Hvammstanga auglýst laust til umsóknar.
- Höfðabraut lokuð vegna framkvæmda við dreifikerfi hitaveitu.
- Brotajárnsgámur settur upp við Borðeyrarbæ í Hrútafirði.
- Forvarnaráætlun Norðurlands vestra kynnt.
- Listamaðurinn Juan myndskreytti vigtarhúsið við höfnina.
- Hátíðin Eldur í Húnaþingi haldin í 22. sinn.
- 2 byggðarráðsfundir.

**HÚNAÞING
VESTRA**



Myndskreyting á vigtarhúsi



hunathing.is

Efst á baugi 2024 ágúst

- Sveitarfélagið kannar áhuga fjarskiptafyrirtækja á ljósleiðaralagningu í þéttbýli í sveitarfélaginu.
- Veiting styrkja úr Húnasjóði, 7 fengu styrk að þessu sinni.
- Vinnustofa vegna gerðar nýrrar sóknaráætlunar haldin á vegum SSVN.
- Auglýst eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga.
- Auglýst eftir tillögum að forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar.
- Auglýst eftir styrkjum til félags-, menningar- og atvinnumála 2025.
- Guðni Þór Skúlason ráðinn húsvörður Félagsheimilisins Hvammstanga.
- Fulltrúar sveitarfélagsins tóku þátt í sumarfundi ríkisstjórnarinnar í Skagafirði.
- 2 byggðarráðsfundir.



Sumarfundur ríkisstjórnarinnar



**HÚNAÞING
VESTRA**

LIFANDI SAMFÉLAG

Efst á baugi 2024
september

- Fjölsóttur íbúafundur vegna samfélagsmiðstöðvar í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Húnaþing vestra aðili að verkefninu CAP-SHARE sem hlaut styrk úr Norðurslóðaáætlun.
- Daníel Arason ráðinn verkefnisstjóri stjórnarsýslu-, atvinnu- og kynningarmála.
- Samningur gerður við nemendur 10. bekkjar um tæmingu á ruslafötum í grennd við Grunnskólann.
- Samningur undirritaður milli sveitarfélagsins, fjarskiptasjóðs, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis og innviðaráðuneytis um styrk til loka ljósleiðaravæðingar í Húnaþingi vestra.
- Auglýst eftir byggingaraðilum til að taka þátt í uppbyggingu íbúða í samstarfi við Brák íbúðafélag.
- Umhverfisviðurkenningar veittar. Eigendur Mýra 3, Teigagrundar 6 og Hvammstangabrautar 27 hlutu viðurkenningu að þessu sinni.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 6 byggðarráðsfundir (fjárhagsáætlunargerð).

HÚNAÞING VESTRA

Undirritun samnings um lok ljósleiðaravæðingar



Efst á baugi 2024
október

- Auglýst eftir aðilum til vetrarveiða á ref.
- Samningur um tilraunaverkefnið Gott að eldast undirritaður á milli sveitarfélagsins og Heilbrigðisstofnunar vesturlands.
- Brotajárnsgámur settur upp við Urriðaá í Miðfirði.
- Fasteignin Hlíðarvegur 25 auglýst til sölu.
- Starf leikskólastjóra leikskólans Ásgarðs auglýst laust til umsóknar.
- Valur Freyr Halldórsson ráðinn slökkviliðsstjóri Brunavarna Húnaþings vestra.
- Sveitarstjórn fundaði með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar.
- Oddviti, form. byggðarráðs og sveitarstjóri funduðu með heilbrigðisráðherra.
- Þingmenn komu í heimsókn í kjördæmaviku.
- Skrifað undir samkomulag við Mílu um að ljúka við lagningu ljósleiðara í þéttbýli í sveitarfélaginu eigi síðar en árið 2026.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 3 byggðarráðsfundir.



Þingmenn í heimsókn í kjördæmaviku

**HÚNAÞING
VESTRA**

Efst á baugi 2024 nóvember

- Alþjóðlegur minningardagur fórnarlamba umferðarslysa haldinn með samkomu í Kirkjuhvammi.
- Lionsklúbburinn Bjarmi styrkti Brunavarnir Húnaþings vestra um 400 þúsund krónur til búnaðarkaupa.
- Gærurnar styrktu Brunavarnir Húnaþings vestra til búnaðarkaupa. Einnig nutu tónlistar-, grunn og leikskólar góðs af gjafmildi gæranna við kaup á bókum, kennslubúnaði og leikföngum á árinu. .
- Slökkviliðið fékk nýjan MAN slökkvibíl, fullbúinn tækjum til afnota.
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki samþykkt.
- Opnun aðgerðastjórnar almannavarna í Húnavatnssýslum og Skagafirði.
- Frumsamið lag húsbandsins í Grunnskólanum, Hringiða, valið til þátttöku í Málæði, sjónvarpsþætti í tilefni af degi íslenskrar tungu
- 1 sveitarstjórnarfundur og 2 byggðarráðsfundir.



Lionsmenn færa slökkviliðsstjóra styrkinn

HÚNAÞING VESTRA

Efst á baugi 2024 desember

- Samningur um stóraukinn stuðning sveitarfélagsins við hátíðina Eldur í Húnaþingi undirritaður.
- Undirritaður samstarfssamningur sveitarfélagsins og Rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra.
- Skrifað undir styrktarsamning við Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra.
- Samþykkt að hefja könnunarviðræður við Dalabyggð vegna hugsanlegrar sameiningar.
- Íbúafundur þar sem fjárhagsáætlun var kynnt haldinn í Félagsheimilinu Hvammstanga.
- Slökkviliðið fékk nýjan bíl, Volkswagen Amarok til afnota.
- Ólöf Ólafsdóttir á Tannstaðabakka færði Velferðarsjóði Húnaþings vestra höfðinglega gjöf, kr. 700 þúsund. Á síðustu 8 árum hefur Ólöf styrkt sjóðinn um 4,7 milljónir króna!
- Opið hús í slökkvistöðinni og nýir bílar til sýnis.
- Húnaþing vestra skrifar undir samkomulag um þátttöku í rafrænu geðheilsuátaki.
- Gærurnar færðu ípróttamiðstöð kaldan pott.
- 1 sveitarstjórnarfundur og 2 byggðarráðsfundir.



HÚNAÞING
VESTRA

LIFANDI SAMFÉLAG

Ólöf ásamt stjórn Velferðarsjóðsins

